

# **SEXTÁN SÖNGVAR FYRIR SÓPRAN OG TENÓR**

**Hallveig Rúnarsdóttir sópran**

**Elmar Gilbertsson tenór**

**Snorri Sigfús Birgisson píanó**

**Ljóð: Kristján Hreinsson**

**Tónlist: Þorvaldur Gylfason**

# Lágstemmdar línur

Í dökkgráu húminu hafaldan suðar,  
á háværa vindana komið er los  
er fannhvítur engill á gluggann þinn guðar  
með glampa í augum og heillandi bros.

Er vindarnir gnauða svo glaðir og léttir,  
þitt gangverk í brjóstinu tifar svo ört  
því engillinn kemur og flytur þér fréttir  
af framtíð sem bæði er himnesk og björt.

Þú horfir í augun á englinum þínum  
hann opnar þér leiðir að huglægri sýn  
og flytur þér hlýju í lágstemmdum línum  
úr ljóði sem framtíðin orti til þín.

# Þegar ljóðið lifir

Þreyttur, veikur, sár og svangur  
sit ég einn með minni raun.

Þetta eru lífsins laun.

Litlu hef ég áfram þokað  
en öllum leiðum mínum lokað.

Nú læðist að mér hugarangur.

Mín tröð var lögð um tímans hraun.

Úr augsýn minni er nú farið  
allt það fólk sem hjá mér stóð.

Aðeins þetta litla ljóð  
lifir meðan holdið dofnar.

Er hjarta lamast, hugur sofnar  
þá heyrir vitund lokasvarið

er leggst til hvíldar lífsins glóð.

# Þegar ljóðið lifir

Til mín engri björg ég bifa  
er berst með draumum holdið kalt.  
Mér er leyft að muna allt,  
hver minning verður ljóð og saga,  
ég átti forðum fagra daga,  
hér fannst mér gott að lifa  
þótt löngum væri lánið valt.

# Móðurminning

Hjartans eldur hefur brunnið,  
horfið það sem áður var,  
lífsins starf svo lengi unnið  
með ljósi margan ávöxt bar.

Þú sem gafst mér ást í æsku  
sem entist vel á lífsins braut,  
í faðmi þínum frið og gæsku  
fann ég leysa hverja þraut.

Þú sem gegnum unglingsárin  
áhyggjurnar mínar barst,  
þú sem vildir þerra tárin,  
í þjáningu mitt skjól þú varst.

Þú sem barst þinn harm í hljóði  
hræddist ekki dauðans mátt.  
Er falla tár, með fögru ljóði  
ég fæ að kveðja þig í sátt.

# Við glugga um nótt

Ég sest á stól við gluggann en sé þó ekki út  
því einsemd mín á skjól í ljóðsins línum  
og sorgmædd milli trjána er nóttin niðurlút  
í nóturlegri kyrrð í garði mínum.

Ég veit að nóttin ráfar um snjóinn köld og klökk  
er kvelst ég einn með efasemd og syndir  
og núna skynjar sálin í myrkri – djúp og dökk  
að dagar ástarinnar voru blindir.

Nú skelf ég einsog hrísla sem rokið faðmað fær,  
nú flögra burt öll yndislegu brosin.

Ég sé að draumkennd rósin á köldu gleri grær.  
Á glugga mínum eru tárin frosin.

# Ekkert að óttast

Er göngum við veginn sem liggur um lífið að dauða,  
þá látum við tár okkar falla í minningasafn.

Nú heyrir þú einmana vindinn hjá glugganum gnauða  
er grúfir þitt hjarta í myrkri sem vængbrotinn hrafn.

Í sjúkdómsins fjötrum nú deyfir þú harminn í hljóði  
og heldur sem fastast í svefninn sem skjólgóður er  
og minningabrotin þú fægir með táranna flóði  
því fegursta sálin í heiminum ljómar í þér.

En þegar þú vaknar þá eignast þú andlegan tengil  
er eilífðin hvíslar að þér gegnum stormanna gný  
og hjartað þitt breytist í frjálsan og fannhvítan engil  
sem flýgur mót ljósi í veröld sem alltaf er hlý.

# **Minn eilífi draumur**

Ég sakna þín auðvitað aldrei of mikið  
en ávallt ég þrái þinn hlýjasta feld  
er sé ég á rúðunni saltið og rykið  
og svartnættið hrópar á draumanna eld.

Ég hlusta á gnauðið hjá glugganum mínum,  
í glerinu speglast mín flöktandi mynd  
og draumarnir birtast í dulráðum sýnum  
sem draga mig niður í huglæga lind.



# **Minn eilífi draumur**

**Mitt eðli er lögmál sem enginn mun brjóta  
og eld minna drauma skal hjarta mitt þrá.  
Hér fæddist ég ekki og fæ þess að njóta  
að feigðin mun aldrei í sál mína ná.**

**Svo er það víst ekkert sem sálin mín saknar  
er sekkur mín hugmynd í iðandi straum  
því hjarta mitt sofnar ef veröldin vaknar  
og vitund mín breytist í eilífan draum.**

# Lífsblóm

Hið fegursta líf hérna færð þú að gjöf  
svo fullkominn ávöxt þú berir  
og verður því síðan frá vöggju að gröf  
að vanda það allt sem þú gerir.

Er veraldar næringu hlýtur þitt hold  
af hugsun skal sálin þín dafna,  
svo öðlast þú visku úr ástríkri mold  
ef ætlar þú reynslu að safna.

Og frelsi þitt verður sem frjókorn í blæ  
er faðmar þig eilífðar drómi,  
þá veistu að lífið er viskunnar fræ  
sem verður að fallegu blómi.

# Leiðin liggur heim

Hérna er landið sem forðum svo fallegt ég sá,  
fjöllin sem haustkaldir vindarnir náðu að sverfa,  
lognríka myrkrið sem svefnvana sálin mín á  
sælunnar fót mál sem hvorki mun eyðast né hverfa.

Hérna er húsið sem eilífa gæfu mér gaf,  
gróskunnar vitund sem spor mín að foldinni dregur,  
eldur sem lýsir upp draumanna dulúðarhaf,  
djásnið í hjartanu, andanna fegursti vegur.

# Leiðin liggur heim

Birtan frá arninum hlustar á loganna ljóð,  
léttfættur reykurinn svífur mót himneskum skuggum,  
sólgulir bjarmarnir daðra við dýrðlega glóð,  
dansandi stjörnumar speglast í gegnsæjum gluggum.

Aftur fær hugur að leika um æskunnar land;  
litanna dásemd sem hjartað í fyrndinni kvaddi,  
aftur fer hugur um fjörunnar fegursta sand  
sem fýkur í hita en sefur í brennandi gaddi.

# Fagur engill fylgir þér

Það svífur engill yfir þér  
er inn í þennan heim þú fæðist  
að morgni lífs er myrkrið fer  
og máttur ljóssins bjarta glæðist.

Hann verður þér sem lífsins lag,  
það leikið er á hjartans strengi  
um fagra nótt og fagran dag  
það fær að hljóma vel og lengi.

Hvert augnablik mun sál þín sátta  
við sannleikann sem lífið færir,  
þú hljóta skalt þann hreina mátt  
sem hugsun þína endurnærir.

# Fagur engill fylgir þér

Og þó að nóttin næði köld  
og nái lífsins mynd að breyta,  
þótt fjúk og stormar fái völd  
mun fagur engill skjól þér veita.

Sem söngur lífsins hljómar hér  
þitt hjartalag á björtum degi  
því fagur engill fylgir þér  
fótmál hvert á lífsins vegi.

# Fögur mynd

Við Hljómskálann hún stóð með ljósa lokka,  
með líflegt bros og fagurrauða vanga,  
í skugga sýndu augun yndispokka  
er áfram veginn þráði hún að ganga.

Hún orðum skáldsins hug og hjarta veitti  
er húmið læddist undan faldi skýja  
en votum strætum brosið hennar breytti  
í bjarta veröld – ilmandi og hlýja.

# Fögur mynd

Og ástin varð sem taumlaus táraflaumur  
er tilfinning fann skjól í þeirra sálum  
og skáldið sá að lífsins djarfi draumur  
með dulúð eyddi öllum vandamálum.

Á móti farsæld votu strætin virtust  
með vonarglætu sálin þeirra teyma.  
Það var um ágústnótt að englar birtust  
og ortu ljóð sem hjörtun fá að geyma.



# Tónlist hjartans

Ástin er tónlist hjartans; svo hlý og blíð,  
hljómurinn verður sem ljós í okkar sálum,  
í æðum og taugum hún lifir svo ljúf og þíð  
leikin og sungin á öllum tungumálum.

Söngur um gæsku iðar hvern æviveg,  
unaður hjartans er vafinn tónaflóði,  
hljómkviða lífsins; einlæg og yndisleg,  
orð hennar birtast í tímans langa ljóði.

# Tónlist hjartans

Eldur í æðum vekur svo djarfan dans  
er dásemdin strýkur streng með sálarboga,  
vitundin skynjar kraftaverk kærleikans  
og kliðmjúkir tónar í hjörtum fá að loga.

Ástin er tónlist hjartans; svo hlý og blíð,  
hljómurinn verður sem ljós í dagsins önnum,  
í æðum og taugum hún lifir svo ljúf og þíð  
leikin og sungin af þýzkum listamönnum.

# Vilji vindsins

Þú manst þann dag er vindur vakti þig  
og vonarglætan braust á milli skýja,  
og vitund þín var afar sáttt við sig,  
þá sóttu að þér bæði ljós og hlýja.

Þig vindur fékk um táradalinn teymt,  
hann tekið hafði blóm úr þínu beði,  
þitt hjarta fann að vart þú gast því gleymt  
sem gerðist þegar máttur vindsins réði.

# Vilji vindsins

En skuggi dagsins fær að fylgja þér  
er ferð þú ljóssins veg mót tímans hjóli.  
Þú skilur best hver vilji vindsins er  
ef vaknar lítið fræ í hlýju skjóli.

Með vindsins hjálp þú finnur fagran stað  
og fræið þitt mun verða þar að blómi.  
Þú skynjar það sem líf þitt leitar að  
því lognið býr í vindsins endurómi.

# Við gröfina þína

Svo máttvana grét ég við gröfina þína  
í gær þegar sólin í hafdjúpið hvarf,  
þá vildi ég sýna þér sorgina mína;  
þá sárustu gremju sem hlaut ég í arf.  
Ég heyrði í vályndum vindinum hvína  
á vegi sem geymir þitt lífstíðar starf.

Þótt fráfall þitt ýtti hér flestu úr skorðum  
og fortíðin breyttist í minningahyl  
þá hvíslaði hafgolan einlægum orðum  
og unaði kærleikans gerði ég skil,  
og sálin mín skynjaði frið einsog forðum  
er fann ég í hjartanu birtu og yl.

# Við gröfina þína

Er hafgolan dansar með draumana sína  
ég dásama birtu sem hverfur svo fljótt.  
Og næst þegar græt ég við gröfina þína  
skal gleði mín rísa sem dagur af nótt,  
því þá mun ég sættast við sorgina mína  
og sjá þínar minningar gefa mér þrótt.

# Vonarglæta

Í beiskri sorg er tungu minni tamt  
að tala vel um vonarljósið skærast  
þó skynja ég að sárast finnst mér samt  
að sakna þess sem hjartanu er kærast.

Er sorgin fær um allar æðar streymt  
og undir niðri biturð nær að krauma  
þá finnst mér best að geta ekki gleymt  
því góða sem í fortíð vakti drauma.

# Vonarglæta

Um alla drauma mína segja má,  
þeir myndu rætast ef þeir bara gætu  
því skynja ég að hjartað alltaf á  
svo yndislega fagra vonarglætu.

Já, vonarglætan dafnar dásamleg  
er dökkir skuggar yfir lífið færast.  
Með minningar um sólskin sofna ég  
og sakna þess sem hjartanu er kærast.



# Sagan

Nú sögu þér ég segi  
er sól á fögrum degi  
fær litað lífsins vegi  
og leiðsögn veitir þér.  
Og sagan gleði geymir  
og góða sál sem dreymir  
um ást í heimi hér.

Svo svífur orðayndi  
á undan ljúfum vindi  
þá leikur allt í lyndi  
hjá lífsins fögru sál  
sem opnar gáttir allar  
með orðræðu sem fjallar  
um hjartans bjarta bál.

# Sagan

Og saga þessi sýnir  
að sælan hugann brýnir  
og enginn áttum týnir  
sem alúð virða kann.

Og sagan vonir vekur,  
hún völd í hjarta tekur  
og kveikir kærleikann.

Og sagan svífur víða  
sem söngur, laus við kvíða,  
hún er sem brosið blíða  
er bjarta sólin skín.

Á sönnum sæludegi  
með sátt á lífsins vegi  
nú sögð er sagan þín.

# Ljúfur leikur

Ég lék með þér í sandi er fjörugrjótið grét  
og gráhærð nóttin kynntist dauða sínum  
en minninganna máttur  
við morgunroðann virtist vera sáttur  
og þegar máninn færði sig um set  
úr söngleik dagsins, djúpt í huga mínum,  
var fluttur fyrsti þáttur.

# Ljúfur leikur

Og þú í faðmi mínum, varst morgunbirtan blíð,  
er blærinn orti ástarljóð í sandinn,  
þá áttu hjörtun ungu  
það afl sem vildi bifa fargi þungu.  
Á meðan við þar lékum langa hríð  
þá lifnaði af dvala sagnarandinn  
og sælir fuglar sungu.

# Ljúfur leikur

Á meðan vonin orti í fjöru falleg ljóð  
í fjarska mátti heyra rokið gnauða.

Er aldan klettinn kyssti,  
hún kröftug orð í yfirborðið risti  
sem túlka máttu andans dýra óð  
um átökin á milli lífs og dauða,  
þá var sem vonin brysti.

# Ljúfur leikur

En sál mín fékk að stara í ástrík augun þín  
er æstur stormur lék á hafsins bárum.

Í skjólin flest var fokið  
er fjörugrjótið sætti sig við rokið.

Og núna finnur hlýju hugsun mín  
er hjartað skynjar söng frá liðnum árum.

Já, senn er leiknum lokið.

# Vertu hjá mér

Vertu hjá mér vinur  
því vært nú sofa fjöllin  
á meðan stormur stynur  
og stækkar vetrarhöllin.

Við skynjum kaldan klaka  
og kyrrð er vötnin frjósa,  
um stund við viljum vaka  
í veröld norðurljósa.

Við eigum ósk sem hylur  
ísköld klakabrynja  
þegar þungur bylur  
þarf sinn harm að skynja.

Er vetrarhöllin hrynur  
þá hlýnar okkur báðum,  
já, vertu hjá mér vinur  
því vorið kemur bráðum.

# Bros

Ég man þá stund í miklu frosti  
á miðjum degi  
að falslaus við mér fegurð brosti  
á förnum vegi.

Og svo var það á sumarengi  
er sönn var hlýja  
að birtist sól og brosti lengi  
hjá bökkum skýja.

Ég brosið læt í veðri vaka  
og vonin lifir  
en þegar kemur bros til baka  
þá birtir yfir.